



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um útgáfu virkjanaleyfa, breytt eignarhald Landsvirkjunar og félagsform fyrirtækisins, verkefnafjármögnun og undirbúningsvinnu vegna lagningar rafstrengs til Evrópu, 491. mál.

Samtök iðnaðarins hafa fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar. Þar er lagt til að nefnd fimm þingmanna geri úttekt á nokkrum veigamiklum málum, þ.e. útgáfu virkjanaleyfa, eignarhald Landsvirkjunar, verkefnafjármögnun og lagningu sæstrengs til Evrópu. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að atvinnulífið og aðrir hagsmunaaðilar komi sjónarmiðum sínum að þegar þessi mál eru til umfjöllunar. Samtökin benda á að vænlegra væri til árangurs að nefndin verði þverfaglegri og hagsmunaaðilar fái einnig að sitja við borðið. Ef þess er ekki kostur leggja samtökin áherslu á að samráð verði þétt og sjónarmið hagsmunaaðila verði tekin til umfjöllunar.

A handwritten signature in blue ink, reading 'Bryndís Skúladóttir'.

Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála.